



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 15. september 2026

MSS26080087

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs

Á fundi borgarstjórnar þann 8. september sl. var fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, um breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, kynnt og afhent borgarstjóra. Í framhaldi var fyrirspurnin tekin til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svar við fyrirspurn:

Fyrst varðandi framkvæmd breytinganna sjálfra

1. Af hverju var ákveðið að ráðast í jafn viðamiklar stjórnkerfisbreytingar á þessum tímamarki?

Nýtt skipulag tekur gildi með nýju starfsári og undirbúningi fjárhagsáætlunar 2027 og markmiðið var að tímabil óvissu fyrir starfsfólk yrði eins stutt og kostur er. Breytingin snýr að stjórnsýslu og stoðþjónustu. Þjónustan á vettvangi hélt áfram óbreytt.

2. Voruð þið meðvituð um að það var fyrsta vika skólaársins?

Já. Tímasetningin var engu að síður valin svo skipulagsleg óvissa drægist ekki inn í veturinn. Skólastarf og frístundastarf raskaðist ekki við gildistöku og starfsfólk á vettvangi hélt áfram sínu starfi með börnunum.

3. Af hverju var ekki búið að undirbúa upplýsingagjöf um breytingarnar og kortleggja verkefni þeirra sem sagt var upp með tilbúnum farvegi, til að forðast óvissu?

Upplýsingagjöf var undirbúin: kynningarfundir voru haldnir á öllum starfsstöðvum strax daginn eftir samþykkt, spurt og svarað var opnað fyrir starfsfólk og upplýsingabréf send samstarfsaðilum. Yfirfærsla verkefna fylgir yfirfærsluáætlun þar sem hvert verkefni fær ábyrgðaraðila. Sú kortlagning stendur yfir í innleiðingunni og henni lýkur fyrir áramót.

4. Af hverju var ákveðið að sniðganga samráð við fagfólkið á gólfinu?

Hér er um stjórnkerfisbreytingar að ræða sem höfðu það að markmiði að vernda framlínustörf þar með talið störf fagfólks sem starfar með íbúum. Fram að samþykkt var málið unnið í trúnaði, eins og almennt gildir um breytingar sem varða störf einstaklinga. Útfærslan er hins vegar unnin með fagfólkinu og ábendingar sem fram hafa komið á kynningarfundum og í samtölum við starfsfólk eru skráðar og þær teknar til umræðu í innleiðingarferlinu.



Reykjavík



5. Af hverju var starfsfólk ekki hvatt til þess að taka með sér trúnaðarmann í uppsagnarviðtöl?

Uppsagnarviðtöl fylgdu verklagi borgarinnar um framkvæmd uppsagna. Stéttarfélög voru upplýst daginn fyrir uppsagnirnar og vitað er til þess að einhverjir starfsmenn hafi tekið með sér sinn trúnaðarmann í viðtölin.

6. Hvernig var ákveðið hverjir fengu boð um ný störf? Lá hæfnismat fyrir og var gætt jafnræðis?

Boð um ný eða breytt störf byggðu á öfugu hæfismati, þ.e. mati á hæfni, reynslu og verkefnum í samræmi við mannauðsreglur borgarinnar og gætt var jafnræðis við þá framkvæmd.

7. Af hverju var forstöðumönnum ekki boðið að spyrja spurninga í kjölfar upplýsingafundar og af hverju hafa þau ekki fengið nein svör?

Hér er væntanlega átt við forstöðumenn á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum. Þegar hefur verið fundað með hverjum forstöðumanni fyrir sig um stöðuna á hans starfsstöð með stuðningi mannauðsþjónustu sviðsins, spurt og svarað á innri vef er uppfært jafnóðum og fræðsludagatal og starfsdagur með forstöðumönnum eru í undirbúningi. Fyrirhugaður er fundur skrifstofustjóra frístundamála og sviðstjóra með öllum forstöðumönnum frístundaheimila og félagsmiðstöðvar. Auk þess verður fundað sérstaklega með fulltrúaráði forstöðumanna.

8. Hvaða úttekt á stjórnkerfi borgarinnar hófst árið 2024, í ljósi þess að tillögu um viðamikla úttekt á stjórnkerfi borgarinnar var vísað frá í borgarráði 8. Maí 2025?

Vísað er til úttektar á skipulagi og þjónustu velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem unnin var 2023–2024 og lá til grundvallar tillögunni. Hún er aðgreind frá almennri tillögu um heildarúttekt á stjórnkerfi borgarinnar sem afgreidd var í borgarráði í maí 2025.

Verkefni sem féllu undir hverfamiðstöðvarnar

9. Hvað verður um ungmennaráð sem voru á vegum hverfamiðstöðvanna og hver mun bera ábyrgð á þeim?

Engin breyting verður á Reykjavíkurráði ungmenna eða hverfisbundnum ungmennaráðum. Starfsfólk félagsmiðstöðva styður þau áfram og ábyrgðin fylgir frístundastarfinu inn á skrifstofu frístundamála.

10. Hvað verður um verkefnin sem eiga uppruna sinn í frístundamiðstöðvunum – flotann, hinsegin félagsmiðstöðina, 16 plús starfið og Center?

Verkefnin halda áfram en flytjast með starfseminni undir skóla- og frístundapjónustuna og skrifstofu frístundamála. Ekkert þeirra er lagt niður með skipulagsbreytingunni.

11. Hver mun sjá um viðburði í hverfunum?

Viðburðahald í frístundastarfi hverfanna verður áfram á hendi félagsmiðstöðva og frístundaheimila með stuðningi skrifstofu frístundamála og sérfræðinga í frístundastarfi.

12. Hver mun sjá um þróunar- og samstarfsverkefni frístundaheimilanna og félagsmiðstöðvanna?

Sex stöður deildarstjóra verða að stöðum sérfræðinga í frístundastarfi og hlutverk þeirra er einmitt að styðja forstöðumenn, efla faglegt starf og samræma verklag þvert á borgina. Þróunar- og samstarfsverkefni eiga þar heimili ásamt skrifstofu frístundamála.





Sérfræðingarnir hafa þegið störfín og fundur sviðsstjóra og skrifstofustjóra með þeim um útfærslu hlutverksins hefur verið haldinn.

13. Hvernig verður utanumhald í kringum unglingasmiðjurnar og sumarfrístund?

Utanumhaldið færist til skrifstofu frístundamála og skóla- og frístundaþjónustunnar. Útfærslan, þar á meðal skipulag sumarstarfsins 2027, verður unnin í vetur og kynnt tímanlega.

14. Hvernig geta frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sinnt hlutverki sínu sem fyrsta stigs þjónustuveitendur samkvæmt farsældarlögum ef stuðningurinn við þau er verulega skertur?

Stuðningurinn er ekki lagður af heldur endurskipulagður: sérfræðingar í frístundastarfi, skólaþjónustan og skrifstofa frístundamála mynda samræmt bakland frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Markmiðið er að fyrsta stigs þjónusta samkvæmt farsældarlögum styrkist með skýrari boðleiðum, og fylgst verður með því í mælikvörðum innleiðingarinnar.

Önnur verkefni eftir uppsagnir

15. Er búið að áætla kostnaðinn sem felst í því að sá sem sérhæfði sig í Evrópustyrkjum er ekki lengur starfandi hjá borginni? Hver mun sjá um Evrópustyrkina?

Umsýsla styrkjaverkefna borgarinnar er áfram til staðar og virkum verkefnum verður fylgt eftir. Yfirfærsla einstakra verkefna er hluti yfirfærsluáætlunar. Sérstakt kostnaðarmat vegna einstakra starfa liggur ekki fyrir.

16. Er búið að áætla kostnaðinn sem felst í því að skera niður í atvinnuráðgjöf til þeirra sem eru á fjárhagsstuðningi?

Virkniúrræði og atvinnuráðgjöf leggjast ekki af. Stjórnsýsla þeirra færist undir skrifstofu félags- og húsnæðismála. Áhrif á notendur og árangur úrræðanna verða vöktuð í innleiðingunni og metin í endurmatinu eftir áramót.

17. Er búið að áætla kostnaðinn sem felst í því að tryggja ekki flóttafólki samræmda móttöku?

Þjónusta við flóttafólk færist inn í almennar þjónustueiningar sviðsins og umfang hennar ræðst meðal annars af þjónustusamningi við ríkið sem rennur út í árslok 2026 og svör um framhald hans hafa ekki borist frá ráðuneytinu. Áhrifin verða metin í þeirri vinnu.

Um framhaldið

18. Hvernig verður stutt við faglegt starf í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum ef forstöðumenn þurfa að taka að sér verkefni sem deildarstjórar og fjármálastjórar sinntu?

Verkefni deildarstjóra og fjármálaumsýslu eiga heima hjá sérfræðingunum í frístundastarfi, skrifstofu frístundamála og fjármálaþjónustu sviðsins. Samhliða er unnið að sjálfvirknivæðingu í fjármálum og rekstri sem á að létta umsýslu stjórnenda, og sérstakir ráðgjafar í fjármálum og rekstri á fjármálaskrifstofu sviðsins hafa verið kynntir forstöðumönnum. Forstöðumenn hafa haft bæði fjármála- og mannauðsábyrgð á sínum starfseiningum sem er samkvæmt starfslýsingu sem var samþykkt 2025. Stuðningur og ráðgjöf verður núna miðlæg í stað þess að hafa verið úti á miðstöðvum.





19. Hvenær verða starfslýsingar forstöðumanna og aðstoðarforstöðumanna uppfærðar og verða laun hækkuð í samræmi við aukna ábyrgð? Er búið að áætla kostnað við nýtt starfsmat?

Laun haldast óbreytt við tilfærslu starfa og það hefur verið staðfest við starfsfólk. Verði varanlegar breytingar á verkefnum og ábyrgð þessara starfa verða starfslýsingar uppfærðar og störfin metin í starfsmatskerfi borgarinnar samkvæmt gildandi ferlum. Kostnaður við slíkt mat liggur ekki fyrir á þessu stigi.

20. Hvernig verður tryggt samstarf milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva þegar nýtt fólk tekur við stöðu forstöðumanns?

Deildarstjórnarnir tveir sem verða næstu yfirmenn forstöðumanna og sérfræðingar í frístundastarfi mynda samræmt bakland sem heldur samstarfinu þvert á starfsstöðvar, auk formlegs samstarfsvettvangs forstöðumanna. Skiptingin hefur þegar verið kynnt forstöðumönnum með nöfnum, deildarstjóri og sérfræðingar í málefnum félagsmiðstöðva og frístundaheimila fyrir hvorn borgarhluta, og verklag þeirra gagnvart vettvanginum verður mótað í samtali við forstöðumenn fram til áramóta.

21. Mun hver forstöðumaður og skólastjóri hafa sinn mannauðsstjóra og fjármálastjóra til að leita til?

Stjórnendum stofnana hefur þegar verið kynnt hver næsti yfirmaður þeirra og tengiliður er. Stjórnendur geta leitað til miðlægrar mannauðs- og fjármálapjónustu hjá SFS.

22. Hvað mun hver mannauðsráðgjafi og fjármálastjóri vera með marga starfsstaði undir sér?

Skiptingin liggur fyrir í útfærslunni, sjá svar við 21. spurningu.

23. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að breytingarnar hafi áhrif á umferð þegar starfsfólk og skjólstæðingar þurfa að koma á sama stað?

Stór hluti starfsfólks starfar áfram á vettvangi í hverfum og þjónustusamtöl fara áfram fram í nærumhverfi notenda. Í stöðumati sviðsstjórnanna er beinlínis tekið fram að það er ekki markmið breytinganna að öll þjónusta flytjist á einn stað. Formlegt umferðarmat liggur ekki fyrir en horft er til samgöngustefnu starfsfólks í undirbúningi flutninga.

24. Er nógu mikið af bílastæðum við Borgartún og Bíldshöfða fyrir allt þetta fólk?

Bílastæði og aðgengi eru hluti af undirbúningi flutninganna hjá húsnæðishópi verkefnisins og staðan verður metin áður en flutt er í desember.

25. Hvernig ætlið þið að koma yfir 100 skjólstæðingum sem sækja Virkniús daglega á Bíldshöfða, ofan á alla þá sem sóttu þjónustu í miðstöðvunum?

Starfsemi Virkniúss leggst ekki af og ekki hefur verið ákveðið að öll dagleg mæting notenda færist á Bíldshöfða. Staðsetning og aðgengi virkniúrræðanna er hluti útfærslunnar og verður kynnt sérstaklega notendum áður en breytingar verða á mætingarstað.

26. Gerið þið ykkur grein fyrir því að þjónustuþegar á bíl þurfa nú að borga í stæði á meðan þeir sækja þjónustu sína í Borgartúni?

Já, ábendingin er réttmæt og gjaldskylda við Borgartún er meðal þess sem er til skoðunar í undirbúningi flutninganna með aðgengi þjónustuþega í huga.

27. Hvernig er hægt að tryggja jafn mikla þjónustu þegar ferðatími ráðgjafa eykst? Hafið þið hugað að afleiðingunum ef ráðgjafi kemur ekki fljótt þegar alvarleg atvik koma upp?





Viðbragð við alvarlegum atvikum breytist ekki með skipulagsbreytingunni. Þjónustusamtöl fara áfram fram í nærumhverfi, unnið er að kortlagningu viðtalsrýma í hverfum og farteymi færa þjónustu til fólks. Ferðir ráðgjafa eru meðal þess sem fylgst verður með í innleiðingunni.

28. Hvernig verður komið í veg fyrir að málafjöldi á starfsmenn verði of mikill?

Málafjöldi og álag eru meðal lykilmælikvarða sem verkefnisstjórn innleiðingarinnar fylgist reglulega með og brugðist verður við frávikum, meðal annars með tilfærslum og forgangsroðun. Starfsfólk í beinni þjónustu er jafnmargt og áður og markmiðið er að dreifa álaginu betur en í fyrra skipulagi var álagið mjög mismunandi eftir borgarhlutum.

29. Hvernig ætlið þið að tryggja að þjónusta skerðist ekki?

Með yfirfærsluáætlun þar sem hvert mál á sér ábyrgðaraðila, reglulegri vöktun þjónustumælikvarða, útfærslu sem unnin er með starfsfólki og endurmati skipulagsins eftir áramótin þar sem sérstaklega verður horft til þjónustunnar.

30. Stendur til að afturkalla einhverjar uppsagnir í ljósi þess álags sem hefur myndast?

Ekki eru áform um að afturkalla ákvörðun borgarráðs. Mönnun og álag eru vöktuð í innleiðingunni og brugðist er við frávikum innan nýs skipulags, meðal annars með tilfærslum starfsfólks.

31. Hvenær sjáið þið fyrir ykkur að skýrt verklag verði komið?

Verklag skýrist í áföngum í innleiðingunni og á að vera að fullu komið um áramót þegar nýju skrifstofurnar taka við. Stærstu þættirnir, þar á meðal tengiliðaskipting og staðsetningar þjónustu, verða kynnt fyrr.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari